

Skógrækt til útivistar og náttúrutengdar ferðamennsku: stjórnun og skipulag í Atlantshafslöndum Evrópu*

Jón Geir Pétursson

Skógræktarfélagi Íslands/Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá,

Sherry Curl

Skógrækt ríkisins

*byggir á vinnu fjölmenns starfshóps sbr kafla 2.

1. Inngangur

Útivist og bætt lýðheilsa almennings eru markmið sem setja mjög svip sinn á stefnumótun skógræktarmála um alla Evrópu. Framkvæmd slíkra markmiða, stjórnun og skipulag eru hins vegar ekki einföld og mörg viðhorf sem taka þarf tillit til.

Þetta erindi byggir á rannsókn á ýmsum þáttum sem lúta að stjórnun og skipulagi útivistarskógræktar og ferðamennsku í skógum Evrópulanda.

2. Aðferð


Þessar niðurstöður sem hér eru kynntar eru afrakstur vinnu höfunda í starfshópi innan COST áætlunar Evrópusambandsins, sem fjallar um útivist og náttúrutengda ferðamennsku í skógum álfunnar (Cost Action E33 “Forests for Recreation and Nature Tourism (FORREC)”). Á vegum FORREC starfa fulltrúar 22 Evrópuríkja að ýmsum málum sem tengjast útivistarhlutverki skóga.

Á vegum verkefnisins voru unnar rannsóknir á fyrirkomulagi stjórnunar og skipulags útivistarskógræktar. Löndunum var skipt í svæðisbundna hópa til að einfalda framkvæmd og samanburð. Ísland er flokkað í hóp svokallaðra Atlantshafslönda, en þau eiga það sameiginlegt að hafa tiltölulega litla skógarþekju, hafa tapað einhvern tímann nánast öllum sínum skóglöndum og að langstærstur hluti íbúanna býr í þéttbýli.

Þau lönd sem um ræðir eru Belgía (Flanders og Wallonia), Danmörk, Ísland, Írland, Holland og Bretland (England, Scotland og Wales) (Mynd 1).

Framkvæmd könnunarinnar var þannig, að sendur var spurningalisti til hóps sérfræðinga í löndunum á sviði útivistarskógræktar (Pröbstl and Wirth, 2004).

Mynd 1: Þáttökulönd rannsóknarinnar voru auk Íslands; Holland, Belgía, Danmörk, Írland og Bretland.



Á spurningalistunum var leitað svara við fjölmörgu sem tengist eftirfarandi flokkum:

- (i) Þekja skóga, þróun og eignarhald.
- (ii) Löggiöf varðandi aðgengi almennings.
- (iii) Menntun skógarvarða og stjórnenda.
- (iv) Deilur og árekstrar (conflicts) í útivistaskógum.
- (v) Aðferðir við skipulagningu, stjórnun og eftirlit.
- (vi) Uppbygging aðstöðu og eftirspurn gesta eftir henni.
- (vii) Aðferðir við stjórnun og móttöku gesta í útivistarskógum.

Liggja niðurstöður rannsóknarinnar nú fyrir í viðmikilli skýrslu, sem koma mun út í bók um útivistarskóga í Evrópu á vegum Springer bókarforlagins á árinu 2007 undir heitinu:

**Birgit Elands, Simon Bell, Jan Blok, Vincent Colson, Sherry Curl, Berit Kaae, Gudrun Van Langenhove, Art McCormack, William Murphy, Jon Geir Petursson, Soren Praestholm, Pieter Roovers and Roger Worthington. 2007. Atlantic Forest Recreation and Nature-based Tourism Management and Planning Practices: A study in Denmark, Belgium, Iceland, Ireland, the Netherlands, and the United Kingdom. An expert study, Cost Action E33.*

Þessi fyrirlestur og grein er stutt kynning á helstu niðurstöðum úr þessari vinnu.

3. Helstu niðurstöður og umræður

3.1. Skógarþekja

Flatarmál skóga og dreifing þeirra skiptir eðlilega miklu fyrir möguleika til útivistar. Í löndunum er mikill munur á umfangi skóga, þeir þekja einungis um 1,7% Íslands, um 8% Írlands, um 11% Danmerkur, Hollands og Bretlands. Belgía hefur hins vegar um 22% skógarþekju.


Í þessum löndum eru flestir skógar gróðursettir, afrakstur skógræktar síðustu aldar þegar skógeyðingu var snúið við í löndunum. Öll þessi lönd voru nánast skóglaus en hafa náð að byggja upp veruleg skóglendi, en Ísland rekur þar lestina. Í flestum tilvikum voru það efnahagslegir hvatar sem lágu að baki nýskógræktinni, það að framleiða timbur og það gjarna með innfluttum, hraðvaxta sígrænum trjátegundum.

Í flestum löndunum eru enn starfrækt öflug nýskógræktarverkefni, þó almennt hafi markmið skógræktarinnar breyst eins og fjallað er um hér síðar.

3.2. Skógar og fólk

Þekja skóga sem hlutfall af flatarmáli lands segir ekki alla söguna um framboð á skóglendum til útivistar, íbúapéttleiki skiptir einnig mikli í því samhengi. Að Íslandi undanskildu eru Atlantshafslöndin þéttbýl og hátt hlutfall íbúa sem býr í þéttbýlisstöðum. Fjöldi íbúa á ferkílómetra er til dæmis nánast hundrafaldur milli Íslands og Belgíu (Mynd 2). Hins vegar er Ísland það land þar sem hæst hlutfall íbúa býr í þéttbýli eða

um 94%, sem er afar mikilvæg staðreynd þegar fjallað er um framboð og eftirspurn útivistarskóga, ekki síst í samhengi bættrar lýðheilsu. Þá er þéttbýli skilgreint sem samfélag með 200 eða fleiri íbúum.



Mynd 2. Fjöldi í búa á km²

Flatarmál skóglendis á íbúa var einnig rannsakað. Þá kemur í ljós að þrútt fyrir lága þekju skóga á Íslandi er þar hæst flatarmál skóglendis á íbúa eða um 0,5 hektarar. Það hlutfall reyndist lægst í Hollandi eða einungis um 0,022 ha (Tafla 1).

Tafla 1. Flatarmál skóglendis á íbúa í hekturum (FOWL)


Country	FOWL/capita (ha/capita)
Netherlands	0,022
United Kingdom	0,038
Belgium	0,066
Denmark	0,102
Ireland	0,161
Iceland	0,471

3.3. Landfræðileg dreifing skóglendanna

Landfræðileg dreifing skóglenda reynist nokkuð misjöfn milli landanna í könnuninni. Á Íslandi eru skóglendi að finna í nágrenni helstu þéttbýlisstaða landsins. Umfangsmestu skóglendi í Bretlandi og Hollandi reyndust hins vegar liggja fjarst þéttbýlustu svæðunum sem skýrist af því að skógrækt var fyrst og fremst framkvæmd á lakasta landbúnaðarlandinu, lengst frá þéttbýlustu stöðunum. Þetta eru hins vegar viðfangsefni þessara landa í dag, að reyna að koma skógrækt af stað nær stærstu þéttbýliskjörnunum,

3.4. Eignarhald á skóglendum

Eignarhald er grundvallaratriði í umfjöllun um útivistarskóga og aðgengi almennings að þeim. Nokkur munur reyndist á milli landanna hvað varðar eignarhald á skóglendum (Mynd 3). Hér eru einungis flokkar eftir landi í einkaeigu (private) og landi í almannaeygu (s.s. sveitarfélög og ríki). Í ljós kom að hér á Íslandi eru hátt hlutfall skóga í almenningseigu, eða ríki, sveitarfélags og skógræktarfélag. Hins vegar er það hlutfall að breytast hratt, sakir umfangsmikillar nýskóræktar á landi í einkaeigu um þessar mundir.



Mynd 3. Eignarhald á skógum (%)

3.5. Stefnumótun í skógræktarmálum

Stefnumótum markar skógræktarstarfi ýmiss konar hlutverk, þó skógur sé auðvitað í eðli sínu náttúruauðlind með afar fjölbættum hlutverkum. Hægt er að leggja áherslu á nytjahlutverk, umhverfishlutverk eða félagsleg hlutverk eins og útivist. Almennt má segja að nytjahlutverkið sé víkjandi í stefnumörkun um skógrækt í Evrópu um þessar mundir.

Í öllum löndunum sem könnunin náði til er útivistar og lýðheilsuhlutverk skóganna talið mjög mikilvægt og lögð á það áhersla í stefnumótun innan málaflokksins. Það er þó nokkur svæðisbundinn munur innan viðkomandi landa, svo sem milli Skotlands og suður Englands svo dæmi sé tekið.

3.6. Lagaleg staða aðgengis almennings

Aðgengi almennings er skilgreind í löggjöf viðkomandi lands. Í rannsókninni kom í ljós að töluverður munur er á slíkri löggjöf milli landanna. Á Íslandi og Bretlandi er hefð fyrir almennu óheftu aðgengi almennings um land, óháð eignarhaldi. Það á við um för fótgangandi fólks sem ekki má spilla ræktunarlandi. Á Íslandi er sá réttur staðfestur í Náttúruverndarlögum (1999 nr. 44 22. mars). Þar er landeigendum hins vegar heimilt að takmarka aðgengi almennings að skógræktarsvæðum, samkvæmt reglum sem þeir mega setja, uns svokölluðum fyrstu stigum skógræktar er náð.

Í hinum löndunum er réttur einkaaðila meiri við að takmarka för fólks um skóglendi. Þar má segja að einungis skógar í landi í almenningsseigu séu aðgengilegir. Hins vegar er víða farið að greiða landeigendum sérstaklega fyrir að opna aðgengi að skógum sínum.

3.7. Árekstrar (conflicts)


Ýmiss konar árekstrar koma óneytanlega upp við stjórn og rekstur útivistarskóga. Það er eitt meginverkefni þeirra sem skipuleggja og hafa umsjón með slíkum svæðum að koma í veg fyrir slíkt. Hægt að flokka helstu árekstra í þrjá hópa:

- Útivist í skógum gagnvart annarri nýtingu skóganna. Dæmi um það er útivist gagnvart skógarhöggi.
- Einn útivistarþáttur gagnvart öðrum útivistarþætti: Dæmi um það eru

göngumenn gagnvart hestamönnum á sama göngustíg.

- Árekstrar einstaklinga innan sama útivistarþáttar. Dæmi um það er vinsæll áningarstaður þar sem fjöldi gesta truflar.

Í rannsókninni var lagt mat á árekstra í útivistarskógrækt eftir fimm mismunandi flokkum (Mynd 4). Eins og sést er mikill munur á milli landanna í könnuninni.




Mynd 4: Árekstrar í útivistarskógrækt (conflict importance/FOWL)

Almennt er hægt að segja að árekstrar séu langmestir í þéttbýlustu löndunum þar sem flatarmál skóga á íbúa er mjög lágt. Á Íslandi eru slíkir árekstrar enn sem komið er ekki miklir, þó merkja megi aukningu í þá átt.

3.8. Uppbygging aðstöðu í útivistarskógum

Lagt var mat á hversu vel á veg uppbygging aðstöðu í útivistarskógum er komin í löndunum. Skilið var á milli skóga við þéttbýli (urban), í dreifbýli (rural) og á afskekktum stöðum (remote)

Mikilvægt er að átta sig að mismunandi skilgreinum á þessum hugtökum milli landanna. Til dæmis væru þau svæði sem Belgar kalla afskekkt tæplega flokkuð sem slík á Íslandi. Jafnframt er einnig munur á því hvaða aðstaða telst fullnægjandi og til að mynda á afskekktum stöðum gæti engin manngerð aðstaða verið eftirsóknarverðust (Mynd 5).



Mynd 5: Framboð að grunn-aðstöðu (basic infrastructure) í útivistarskógum (til vinstri) og viðbótaraðstöðu (additional infrastructure) (til hægri) (0 = ekki til staðar, 1=óðfullnægjandi, 5=mjög góð)

Hér kemur í ljós að Ísland er skemmst á veg komið í því að byggja upp aðstöðu í útivistarskógum.

4. Viðfangsefni í náinni framtíð

Í lok könnunarinnar voru sérfræðingar landanna beðnir að nefna atriði sem þeir teldu að brýnast væri að hugleiða í nánustu framtíð.

a. Breytt samfélagsgerð

Í öllum löndunum eiga sér stað breytingar á samfélagsgerð. Nýir hópar innflytjenda eru áberandi í öllum löndunum sem gera aðrar og nýjar körfur. Jafnframt er hækkandi meðalaldur samfélaganna og breytt fjölskyldugerð viðfangsefni

b. Útþensla byggðar og þéttbýlis

Þar sem þéttbýli vex eru árekstrar milli útþenslu byggðar og útivistarsvæðar brýnt viðfangsefni.

c. Auknar kröfur notenda.

Almennt viðrast notendur útivistarskóganna vera farnir að gera meiri kröfur til aðstöðunnar og skóglendanna, vilja almennt beri aðbúnað

d. Aukin ásókn í náttúrleg svæði

Í raun við andstöðu við punktinn hér að ofan, er vaxandi vild til þess að sækja náttúruupplifun í skógana, samhliða aukinni þéttbýlismyndum. Þannig leitar fólk þangað að andstæðu við hið manngerða umhverfi borgarinnar.

e. Aukin samvinna og samstarf við hagsmunadila

Aukin áhersla þarf að var samvinnu ýmissa hagsmunadila við uppbyggingu, stjórn og rekstur svæða. Sérstaklega mikilvægt að koma á samstarfi við áhugahópa. Fjöldmargir hópar koma þar við sögu, einkum áhugamannafélög en einnig atvinnulíf og almenningur.

Þessi þróun og nýjar áherslur leggja ákveðnar skyldur á herðar þeirra sem fara með rekstur og skipulag útivistarskóganna. Við því þarf að bregðast. Til að mæta þessum nýju viðfangsefnum eru eftirfarandi atriði mikilvæg:

I. Aukinn stuðningur stjórnvalda

Flókin stjórn skóglenda við þéttbýli með margþættum markmiðum kallar á opinberan stuðning. Afar mikilvægt er að stjórnvöld styðji við þessa þróun með endurnýjun á löggjöf og stuðningi.

II. Fjölþætt markmið kalla á þverfaglega þekkingu

Rekstur skóglenda sem eiga að mæta útivistarþörfum og lýðheilsu markmiðum heilla

samfélaga kalla á þekkingu á fleiri þáttum en trjám. Þverfagleg þekking verður að byggja upp í kringum stjórnun og skipulag slíkra svæða.

III. Lausnir á fjármögnun útivistar í skógum

Aðgangur að skóglendum er almennt ókeyppis og almenn stefna að svo skuli vera. Því þarf að leita allar leiða til að tryggja fjárhagslegar forsendur slíks rekstrar.

5. Heimildir

Anon. (2005). Recreation Policy – Healthy Forest, Healthy Nation_Coillte Teoranta - Irish Forestry Board, Ireland. Available at www.coillte.ie/publications

Pröbstl, U. & V. Wirth (2004). Questionnaire Cost Action E33 »Forests for recreation and nature tourism (FORREC)«. Arbeitsgruppe für Landnutzungsplanung, Institut für ökologische Forschung, Etting-Polling.

Hoogstra, M.A. and H. van Blitterswijk (2002). Financial forest policy instruments in the Netherland – two examples. In: A. Ottitsch, I. Tikkanen and P. Riera (eds), Financial instruments of forest policy. European Forest Institute, Joensuu, Finland, EFI Proceedings 42, p. 177-124.

Brandt, J. & Vejre, H. (2004) Multifunctional landscapes - motives, concepts and perceptions. In Multifunctional Landscapes: Theory, Values and History, pp. 3-31, Brandt, J., Vejre, H. (eds.). WIT Press, Southampton.

Hägerstrand, T. 1995: A look at the political geography of environmental management, In: Landscape and Life: Appropriate scales for sustainable development. LLASS Working Paper No 17. University College Dublin.

Fitzpatrick Associates Economic Consultants (2005). Economic Value of Trails and Forest Recreation in the Republic of Ireland. Jointly commissioned by the Irish Sports Council and Coillte. Available at www.coillte.ie/publications.